

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
151. fundur.

**Miðvikudaginn 9. júlí 2014 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum kl. 13.00. Þorleifur Ingvarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Sigrún Hauksdóttir ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.**

**Dagskrá:**

- 1. Ráðning sveitarstjóra.**
- 2. Fundargerðir:**
  - a) Fjallskilaneindar Grímsungu- og Haukagilsheiðar, dags. 20. júní 2014.
  - b) Fjallskilaneindar Grímsungu- og Haukagilsheiðar, dags. 30. júní 2014.
  - c) Fjallskilaneindar Auðkúluheiðar, dags. 30. júní 2014
  - d) Aðalfundar Hveravallafélagsins, dags. 24. júní 2014
  - e) Aðalfundur Fasteigna Húnavatnshrepps, dags. 18. júní 2014
  - f) Fundur vegna ágreinings um fjallskilasamþykkt, dags. 2. júlí 2014
- 3. Bréf:**
  - a) Frá Tónlistarskóla Akureyrar, dags. 16.06. 2014.
  - b) Frá Vegagerðinni, dags. 19.06.2014
  - c) Frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 18.06. 2014.
  - d) Frá Sýslumanninum á Blönduósi, dags. 13.06.2014
  - e) Frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 12.06. 2014.
  - f) Frá Þjóðskrá Íslands. dags. 13.06. 2014.
- 4. Aðgerðaáætlun um smölun á Auðkúluheiði vegna náttúruvá.**
- 5. Viljayfirlýsing um atvinnuuppbyggingu í Austur Húnavatnssýslu**
- 6. Fundarboð Auðkúluheiðar ehf.**
- 7. Kosning í stjórnir Dalsmynnis og Húnavers ( frestað frá síðasta fundi)**
- 8. Önnur mál**

Oddviti setti fundinn kl 13:00. Eftirfarandi breytingar voru gerðar á boðaðri dagskrá: Fundargerð almenns fundar í Fjallskiladeild Bólstaðarhlíðarhrepps dags. 22.4.2014, tekin fyrir undir dagskrárlið 2 g). Fundargerð Fjallskiladeildar Bólstaðarhlíðarhrepps dags. 4.7.2014, tekin fyrir undir dagskrárlið 2 h). Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi tekið fyrir undir dagskrárlið 3 g).

**1. Ráðning sveitastjóra**

Sextán aðilar sóttu um stöðu sveitarstjóra Húnavatnshrepps og voru umsóknirnar lagðar fram til skoðunar.

Þorleifur kynnti tilboð frá Capacent og Intellecta um aðstoð við ráðningu á sveitarstjóra og var umræða um þau.

Oddviti lagði til að honum yrði falið að ræða nánar við Capacent út frá fyrirliggjandi tilboði og var það samþykkt með fjórum atkvæðum. ÞI, SH , JG, JM. Þrír sátu hjá. ÞS, JS, MS. Magnús gerði fyrirspurn um af hverju Jens hafi ekki verið ráðinn áfram sem sveitarstjóri.

## Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 151. fundur.

### 2. Fundargerðir:

a) Fjallskilanefndar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 20. júní 2014.

Borist hefur athugasemd við 3. lið fundargerðarinnar og leggur sveitarstjórn til að fundargerðin verði send aftur til fjallskilastjórnar til endurskoðunar. Sveitarstjórn telur að það standist ekki fjallskilareglugerð að smala fé til seinni réttar síðar en þriðja mánudag eftir aðalrétt.

Samþykkt samhljóða.

Bókun frá fulltrúum E-lista

Fjallskilastjórn Grímstungu og Haukagilsheiðar dreifði fundargerð frá 20. júní sl. til félagsmanna fjallskiladeildarinnar áður en fjallað hafði verið um hana í sveitarstjórn Húnavatnshrepps. Hingað til hafa fundargerðir ekki verið birtar fyrir en þær hafa verið staðfestar af sveitarstjórn enda er það til samræmis við 29. gr. samþykktu Húnavatnshrepps um afgreiðslu fundargerða. Þar segir:

"Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir sveitarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

Þær ályktanir eða tillögur í fundargerðum sem þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar eru lagðar fyrir sem sérstök mál og eru afgreidd með formlegum hætti.

Ályktun nefndar sem hefur fjárútlát í för með sér skal lögð fyrir sveitarstjórn eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins."

Í 2. mgr. 40. gr sveitarstjórnarlaga nr 138/2011 er fjallað um umboð nefnda til ákvarðana, hún hljóðar svona: "Hafi nefnd ekki verið falin fullnaðarafgreiðsla máls samkvæmt lögum eða samþykkt um stjórn sveitarfélagsins teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar".

Fulltrúar E listans óskuðu einnig eftir að leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar E listans hafna alfarið tillögu meirihluta Fjallskiladeildar Grímstungu og Haukagilsheiðar að breytingu á smölunar og réttardögum og vísa til 23. gr.

Fjallskilasamþykktar fyrir Austur-Húnavatnssýslu frá 3. mars 2009. Þar segir m.a. "seinni réttardagar vestan Blöndu eru á þriðja mánudegi eftir aðalréttir". Jafnframt segir í sömu grein: "Hreppsnefndum er heimilt að gera breytingar á gangna- og réttardögum ef meirihluti fjallskilastjórnar í samliggjandi upprekstrarfélögum ákveður og búfjárefnirlits- og fjallskilanefnd Austur-Húnavatnssýslu samþykkir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fundargerðina að öðru leyti.

b) Fjallskilanefndar Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 30. júní 2014.

Liður 2: Í Fjárhagsáætlun Húnavatnshrepps 2014 er gert ráð fyrir fjármunum til framkvæmda við Undirfellsrétt.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c) Fjallskilanefndar Auðkúluheiðar, dags 30. júní 2014

Í fundargerðinni er lagt til að girt sé safnhólf norðan Áfangagirðingar vegna aðgerðaáætlunar um smölun Auðkúluheiðar vegna náttúruvár.

Sveitarstjórn ályktaði um að safnhólf verði ekki girt fyrir en aðgerðaáætlun hefur verið samþykkt af þar til bærum aðilum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
151. fundur.

d) Aðalfundur Hveravallafélagsins, dags 24. júní 2014  
Lagt fram til kynningar.

e) Aðalfundur Fasteigna Húnavatnshrepps, dags 18. júní 2014  
Lagt fram til kynningar.

f) Fundur vegna ágreinings um fjallskilasamþykkt, dags. 2. júlí 2014  
Umræða var um fundargerðina. Lögð var fram tillaga um að óska eftir fundi með Inga Tryggvasyni lögfræðingi ásamt oddvita og Fjallskilastjórn Grímstungu- og Haukagilsheiða og Fjallskilastjórn Auðkúluheiðar. Samþykkt samhljóða.

g) Almennur fundur í Fjallskiladeild Bólstaðarhlíðarhrepps dags. 22.4.2014  
Lagt fram til kynningar.

h) Fjallskiladeild Bólstaðarhlíðarhrepps dags 4.7.2014  
Lagt fram til kynningar.

**3. Bréf:**

a) Frá Tónlistarskóla Akureyrar, dags. 16.06. 2014.  
Efni: Umsókn um tónlistarnám á miðstigi frá nemanda með lögheimili í Húnavatnshreppi.  
Sveitarstjórn samþykkir kostnaðarþáttöku sveitarfélagsins vegna umsóknarinnar.

b) Frá Vegagerðinni, dags. 19.06.2014  
Efni: Svar við úthlutun styrkvega 2014. Vegagerðin hefur samþykkt úthlutun 2.000.000 kr til styrkvega í Húnavatnshreppi á árinu 2014.

Ákveðið var að skipta fjárveitingunni samkvæmt eftirfarandi.  
Fjallskiladeild Grímstungu- og Haukagilsheiða fær 1.500.000 kr.  
Fjallskiladeild Auðkúluheiðar fær 100.000 kr.  
Fjallskiladeild Bólstaðarhlíðarhrepps fær 400.000 kr.

c) Frá Innanríkisráðuneytinu, dags 18.06. 2014.  
Efni: Viðaukar við fjárhagsáætlanir.  
Til kynningar

d) Frá Sýslumanninum á Blönduósi, dags. 13.06.2014  
Efni: Umsókn frá Hauki Suska Garðarssyni kt: 080474-5399 Hvammi í Vatnsdal, 541 Blönduós um leyfi til að reka gististað í flokki I að Hvammi í Vatnsdal, 541 Blönduós.  
Sveitarstjórn samþykkir leyfið fyrir sitt leyti.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
151. fundur.

e) Frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dags. 12.06. 2014.  
Efni: Fjármálastjórn sveitarfélaga  
Til kynningar.

f) Frá Þjóðskrá Íslands. dags. 13.06. 2014.  
Efni: Fasteignamat 2015 Fasteingamat í Húnavatnshreppi hækkar um 4,5% og landmat um 7,4%.  
Lagt fram til kynningar.

g) Frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 30.6.2014  
Efni: Umsókn frá Upprekstrarfélagi Eyvindarstaðaheiðar kt: 690382-0409 um endurnýjun leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Galtarár og Ströngukvíslarskálum.  
Sveitarstjórn samþykkir leyfið fyrir sitt leyti.

**4. Aðgerðaáætlun um smölun á Auðkúluheiði vegna náttúruvár.**

Oddvita falið að hafa samband við formann Almannaþingarnefndar í Húnavatnssýslum varðandi aðgerðaáætlunir á afréttum.

**5. Viljayfirlýsing um atvinnuuppbyggingu í Austur Húnavatnssýslu**

Samþykkt var að fulltrúi Húnavatnshrepps í Byggðasamlagi um menningar og atvinnumál í A-Hún undirriti viljayfirlýsinguna fyrir hönd Húnavatnshrepps.

**6. Fundarboð Auðkúluheiðar ehf.**

Oddvita var falið að fara með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundi Auðkúluheiðar ehf.

**7. Kosning í stjórnir Dalsmynnis og Húnavers ( frestað frá síðasta fundi)**

Hússtjórn Dalsmynnis. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.

Tilnefndir eru af A-lista. Aðalmenn: Guðrún Sigurjónsdóttir, Þór Sævarsson.

Varamenn: Birgitta H. Halldórsdóttir, Pálmi Gunnarsson.

Tilnefndur er af E-lista. Aðalmaður: Ólöf K. Einarsdóttir.

Varamaður: Svavar H. Jóhannsson.

Hússtjórn Húnavers. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.

Tilnefndir eru af A-lista. Aðalmenn: Pétur Pétursson, Jóhanna Magnúsdóttir.

Varamenn: Þorleifur Ingvarsson, Berglind H. Baldursdóttir.

Tilnefndur er af E-lista. Aðalmaður: Sesselja Sturludóttir.

Varamaður: Sverrir Þór Sverrisson.

Sveitarstjórn Húnavatnshrepps  
151. fundur.

**8. Önnur mál**

Umræða um ýmis mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl: 16:45.

---

Þorleifur Ingvarsson

---

Jóhanna Magnúsdóttir

---

Þóra Sverrisdóttir

---

Jón Gíslason

---

Sigrún Hauksdóttir

---

Magnús R. Sigurðsson

---

Jakob Sigurjónsson